

Að tryggja kurteisislegar samræður

Þetta er aðferð sem hjálpar þér, í samstarfi við nemendur þína, að útbúa skýr viðmið um kurteisislegar samræður innan bekkjarins. Hægt er að nota aðferðina á margvíslega vegu. Fyrsta skrefið er að skilgreina hvað felst í kurteisislegum samræðum og næsta skref að aðstoða nemendur við að koma sér saman um einhvers konar leiðarljós/reglur sem styðja við þannig samræður. Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið við grunnstoðirnar „Að læra með því að hugsa“ og „Að læra gegnum ígrundun og mat“.

Áætluð útkoma – Nemendur eiga að:

- Geta skilgreint og útskýrt hvað felst í kurteisislegum samræðum.
- Geta útskýrt matsviðmið að baki kurteisislegum samræðum í kennslustofunni. Geta beitt virkri hlustun.
- Geta ígrundað og lagt mat á framfarir sínar.

Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þú ættir að gera ráð fyrir að lágmarki 2 klukkustundum og 35 mínútum í þetta verkefni (45 mínútum í þöglu samræðurnar til þess að öðlast skilning á skilgreiningunni sjálfri; 45 mínútur fyrir hugarflug og flokkun, 30-45 mínútur til þess að ganga úr skugga um að allir skilji reglurnar og að fullvinna listann; og 20-30 mínútur í ígrundun). Mælt er með því að brjóta vinnuna niður á nokkrar kennslustundir/daga.

Efni

| Í kennslustofunni | Blandað nám |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none">• Tafla, blöð eða stafræn tafla til þess að safna saman hugmyndum á• Stóra pappírsörk til að skrá niður lokalista yfir reglur um kurteisislegar samræður. | <ul style="list-style-type: none">• Búðu til kennaraaðgang að Flip• Búðu til aðgang að Padlet og Padlet með dálkum.• Útvegaðu hverjum nemanda eða 3-4 manna hópi nemenda eina fartölvu/spjaldtölvu. <p>Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</p> |

Undirbúningur

- Skilgreining: Kurteisislegar samræður eru **samræður milli tveggja eða fleiri aðila sem hafa það að meginmarkmiði að öðlast betri skilning.**

Vinnuefni - samræðum og samskiptum

Dátttakendur þurfa ekki að vera sammála, mestu skiptir að hlutsa og fræðast um sjónarhorn annarra. Þannig snúast kurteisislegar samræður frekar um ferlið en niðurstöðuna.

- Útbúðu hugarkort með fyrirsögninni „Hvað eru kurteisislegar samræður?“, hafðu hring í miðju kortsins með skilgreiningu á kurteisislegum samræðum. Láttu allnokkrar línur koma út úr miðjunni og leiða að viðbótar textablöðrum. Þessi aðferð heitir „Þöglar samræður“.
- Umorðaðu skilgreininguna og lagaðu hana þannig að aldri nemenda þinna.

Blandað nám

- Dálka Padlet fyrir hugstormun um leiðarljós/reglur. Hafðu fyrirsögn borðsins „Hugstormun um kurteisislegar samræður“. Búðu til dálka nægilega marga dálka svo hver hópur geti skráð sínar hugmyndir.
- Kynntu þér Flip og búðu þér til kennaraaðgang. Flip er verkfæri þar sem hægt er að útbúa stafrænan verkvang (e. platform) í kennslustofunni sem býður nemendum upp á að birta myndbönd í líkingu við TikTok-myndbönd um hvaða umræðuefni sem hugsast getur.
- Búðu til umræðuefni í Flip um verkefni þessarar æfingar.

Best er ef nemendur hafa búið til aðgang á Flip áður en að verkefninu kemur og hlaðið forritið upp á spjaldtölvurnar. Þú bætir svo nemendum inn í bekkjarhópinn á Flip áður en vinnan hefst. Ákjósanlegt er að nota eina kennslustund til að læra á Flip áður en að þessu verkefni kemur (sjá nánari upplýsingar í heildarskjali).

Skref fyrir skref leiðbeiningar

1 Innlög – Hvað eru kurteisislegar samsræður?

Sýndu nemendum hugarkort á töflunni/stafræna borðinu (þetta má líka gera á venjulegri tússtöflu/kritartöflu eða á stórrí pappírsörk). Láttu skilgreininguna vera í miðju hugarkortsins..

- Lestu skilgreininguna með nemendum þínum. Þjóddu nemendum í þöglar samræður þar sem þeir bregðast við skilgreiningunni með því að spyrja spurninga, bæta við hugmyndum eða útskýra skilgreininguna frekar með því að fylla inn í orðablöðrunar sem leiða út úr skilgreiningunni.
- Þegar þessu er lokið skaltu bjóða þeim að bregðast við/spyrja spurninga tengda viðbrögðum samnemenda sinna. Við þetta hefjast samræður sem eru þöglar því þær fara fram á stafrænu töflunni.

Ábending

Ef venjuleg tafla í kennslustofunni er notuð eða pappírsörk þarf að ganga úr skugga um að hægt sé að vista upplýsingarnar sem fram koma, annað hvort með því að geyma pappírsörkina eða að taka mynd af töflunni.

Biddu allan bekkinn að ræða eftirfarandi saman:

1. Hverju tekurðu sérstaklega eftir í því sem komið hefur fram frá bekknum?

Vinnuefni - samræðum og samskiptum

2. Hafa einhverjar spurningar komið fram sem þig langar að svara?
3. Brenna á þér einhverjar frekari athugasemdir eða spurningar?

Spurningar til ígrundunar á ferlinu:

1. Hvernig leið mér með að taka þátt í þöglum samræðum?
2. Tillaga: þú getur sett MentiMeter upp og látið nemendur velja milli lyndistákna til að sýna hvernig þeir upplifðu þöglu samræðurnar (þú velur þá áður hvaða lyndistákn verða í boði).
3. Horfðu yfir kennslustofuna og biddu nemendur að láta skoðun sína í ljós með því að snúa þumli upp, niður eða mitt á milli sem endurgjöf á þöglu samræðurnar.

2 Hugarflug

Nú þegar nemendur eiga að skilja nokkuð vel út á hvað kurteisilegar samræður ganga sem og markmiðið með þeim er kjörið að taka hugarflug með þeim um hvaða leiðarljós væri ákjósanlegt að bekkurinn kæmi sér saman til að tryggja að samræður séu kurteisilegar.

Skiptu nemendum í 3-4 manna hópa við upphaf hugarflugsins. Varpaðu Padletinu á töfluna og láttu nemenda hópana hugleiða reglurnar/leiðarljósinn. Hver hópur fær dálk fyrir sín svör.

Þetta verkefni tekur um 10-15 mínútur, hóparnir mega nefna eins mörg leiðarljós og þeir geta hugsað sér fyrir kurteisilegar samræður innan bekkjarins. Þegar hóparnir hafa lokið vinnu sinni hjálpar kennarinn þeim að deila og flokka leiðarljósinn með því að færa svörin til og frá.

3 Að flokka og búa til fyrsta listann yfir leiðarljós

Þegar búíð er að flokka öll leiðarljósinn/reglurnar vinnið þið saman sem einn hópur að því að útbúa lista yfir bekkjarreglur/leiðarljós um kurteisilegar samræður.. Skrifaðu þær niður á þann hátt sem þér þóknast best.

Hugaðu vel að því að orðfæri sé jákvætt eins og hægt er þegar leiðarljósinn eru mótuð. Til dæmis: Í stað þess að segja „Bannað að trufla“ er gott að reyna að segja eitthvað á þessa leið: „Við tryggjum að hver og einn komist að og fái tækifæri til að láta ljós sitt skína“.

Hér er listi yfir leiðarljós fyrir kurteisilegar samræður. Notaðu þau til þess að leiða og auðvelda samræðurnar:

- Sýnið virka hlustun þegar einhver talar, reynið að ná skilningi áður en þið bregðist við.
- Sýnið þeim viðhorfum annarra virðingu, jafnvel þótt þið séuð þeim mjög ósammála.
- Hafið athugasemdir ykkar stuttar svo sem flestir hafi tök á að koma sínum sjónarmiðum að.
- Beindu athugasemdum þínum að bekknum í heild frekar en að einum einstaklingi.

Vinnuefni - samræðum og samskiptum

- Taktu ekki ágreiningi eða skoðunum sem ganga í berhögg við þínar persónulega. Framíköll og uppnefni eru ekki boðlegar aðferðir í samræðum.
- Leyfðu öðrum að tjá skoðanir sínar án þess að trufla. Stjórnandi samræðnanna mun gera sitt best til að gefa öllum færi á að tjá sig eða bregðast við athugasemdum annarra.
- Notaðu „Ég“ fullyrðingar ekki „Við“

4 Skimað eftir skilningi

Nú þegar þið hafið komið ykkur saman um lista yfir leiðarljós bekkjarins er mikilvægt að ganga úr skugga um að allir séu með á nótunum. Til dæmis með því að leggja fyrir eftirfarandi spurningar:

- Hvernig lítur það að sýna öðrum virðingu raunverulega út og hvernig hljómar það? (Líkamstjáning, svipbrigði, o.s.frv.).
- Hvað gerir þú til marks um að þú beitir virkri hlustun (snýrð þér að manneskjunn sem talar, myndar augnsamband, kinkar kalli til að sýna að þú skiljir hvert hún er að fara, hlustar gaumgæfilega á það sem sagt er í stað þess að einblína á það sem þig langar að koma að, spyrð spurninga sem skera úr um hvort skilningur er réttur þegar manneskjan hefur lokið máli sínu).
- Hvernig beinirðu því sem þú hefur að segja að hópnum í heild sinni?
- Hvernig breytirðu „við“ fullyrðingu í „ég“ fullyrðingu?

5 Lokið við listann

Ljúkið við leiðarljósinn og hafið þau sýnileg nemendum á áberandi stað í kennslustofunni. og áberandi Mögulega viltu láta hvern og einn nemanda undirrita plakatið með leiðarljósunum til að draga fram að þetta sé samvinnuafrakstur nemenda og að þeir hafi skuldbundið sig til þess að fylgja þeim eftir.

Skiptu nemendum nú aftur upp í 3-4 manna hópa. Segðu þeim að þið ætlið nú að búa til myndbönd á Flip sem svipar til TikTok myndbanda þar sem leiðarljósinn eru útskýrð. Fáðu hverjum hópi tölvu, best er að það sé spjaldtölva en annars dugar fartölva.

- Hver hópur fær nú 25 mínútur til þess að búa til Flipmyndband um það leiðarljós sem þeim var úthlutað.
- Segðu nemendum að inntak hvers leiðarljóss verði að koma skýrt fram í myndbandinu.
- Lengd hvers myndbands má að hámarki vera 1 mínúta.

Skref fyrir skref leiðbeiningar fyrir nemendur:

- Opnaðu forritið

Vinnuefni - samræðum og samskiptum

- Smelltu á hringinn neðst á skjánum til þess að byrja að taka upp.
- Nú búa nemendur til myndband um leiðarljósið sem þeim var úthlutað.
- Hægt er að nota margs konar verkfæri við myndbandsgerðina.
- Mikilvægt er að þú kynnir verkfærin fyrir nemendum áður en vinnan hefst eða gefir þeim færi á því sjálfum.
- Smelltu á brotið í neðra hægra horninu til þess að breyta.
- Farðu áfram með bleiku örinni til þess að birta.
- Láttu nemendur birta myndbandið á réttum stað.
- Birtu efnið.

Nemendur geta nálgast myndbönd allra hópanna í yfirlitinu. Með því að gera þessa æfingu dýpka nemendur skilning sinn á leiðarljósunum og útskýra þau hver fyrir öðrum.

6 Ígrundun og mat

Láttu nemendur nú horfa á öll myndböndin.

Biddu nemendur nú að skrifa hvern fyrir sig stuttlega um/teikna hvernig þeim líður með þá staðreynd að allur bekkurinn sé sammála um að láta þessi leiðarljós vísa sér veginn. Geta nemendur gert sér í hugarlund hvaða áhrif þau muni hafa á samræður þeirra í milli?

Þessi leiðarljós eru matsviðmið sem nemendur hafa útbúið með þinni hjálp. Þau má nota hvenær sem er fyrir sjálfsmat eða til þess að meta frammistöðu hóps. Þegar þið hafið notað leiðarljósin nokkrum sinni innan bekkjarins má hugleiða að bjóða nemendum að meta frammistöðu sína við notkun þeirra í bekknum. Þú, sem kennari, getur líka notað matsviðmiðin þegar þú leggur mat á hversu vel einstaka nemendum eða bekknum í heild sinni gengur að iðka kurteislegar samræður.

Sjá „Að læra gegnum ígrundun og mat“.

Þessi tegund ígrundunar hefur þann kost að hvetja til speglandi samræðna þegar hópur ræðir hvernig tiltekinni vinnu miðar áfram og hvað þarfnast meiri þjálfunar.